

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**191. fundur** Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn **4. janúar 2011 kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá :

Kynntar tillögur að deiliskipulagi austan Norðurbrautar á Hvammstanga. Formaður setti fund og stjórnaði. Bauð hann Yngva Þór Loftsson, landslagsarkitekt og Aðalheiði E. Kristjánsdóttir frá Landmótun ehf. og aðra gesti velkomna, en auk þeirra var sveitarstjóri og sveitarstjórnarfulltrúar boðaðir til þessa kynningarfundar. Yngvi Þór Loftsson og Aðalheiður E. Kristjánsdóttir frá Landmótun kynntu frumdrög að deiliskipulagstillögum fyrir svæðið sem afmarkast af Syðri-Hvammsá í suðri, Ytri-Hvammsá í norðri, Norðurbraut/Hvammstangabraut í vestri og útivistarsvæði Kirkjuhvamms í austri. Nokkrar umræður urðu um tillögurnar og útfærslu þeirra. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að áfram verði unnið að gerð skipulagsins og að þær ábendingar og athugasemdir sem fram komu á fundinum verði teknar til nánari skoðunar.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:21

Víglundur Gunnþórsson  
Guðjón Loftsson  
Erla Björg Kristinsdóttir  
Anna María Elíasdóttir  
Unnsteinn Óskar Andrésson

Ólafur H. Stefánsson forstöðumaður tæknideildar  
Pétur Arnarson slökkviliðsstjóri